

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

1. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisnefnd“ í 2. mgr. 10. gr., þrívegis í 4. mgr. 10. gr. 1. mgr. 12. gr. og tvívegis í 2. mgr. 12. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Í stað orðanna „skulu heilbrigðisfulltrúar“ í 5. mgr. 10. gr. kemur: skal Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.

- a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. mgr. og hvarvetna annars staðar þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í 1. mgr. kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.
- c. 2. mgr. 11. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar og skal eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026